

**Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík**

Efni: Umsögn Endurskoðunar og ráðgjafar ehf um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ársreikninga nr. 3/200

Umsögn Endurskoðunar og ráðgjafar snýr að 5. grein frumvarpsins hvað varðar tímabærri breytingu á 1.mgr. 98. greinar laganna, b. og c. um stærðarmörk á endurskoðunarskyldu félaga.

Stærðarmörk, lítil félög endurskoðunarskyld.

Ljóst er að stærðarmörk hvað varðar veltu og stærð efnahagsreiknings, eins hann er skilgreindur samkvæmt núverandi lögum, getur verið fjárhagslega íþyngjandi fyrir töluverðan fjölda félaga.

Undirritaður telur að ganga hefði mátt lengra hvað varðar fjárhæðir og má nefna að samkvæmt þessu þá geta lítil félög, eins og þau eru skilgreind, með heildareignir undir 750 milljónir og veltu undir 1.200 milljónir samt sem áður verið endurskoðunarskyld.

Undirritaður hefur um árábil sinnt reikningsskilum og endurskoðunarþjónustu fyrir fjölda lögaðila og hefur orðið var við mikla óánægju með umrædd mörk frá viðskiptavinum bæði vegna beins kostnaðar við óumbeðna endurskoðun og einnig þess tíma sem starfsmenn fyrirtækjanna þurfa að nota í gagnaöflun vegna hennar.

Kostnaður við endurskoðun félags er mikill. Einnig er ljóst að í einhverjum tilvikum er enginn haghafi að endurskoðunarþjónustunni sem slíkri. Má þar sem dæmi nefna félög sem eru í eigu eins eða fárra tengdra hluthafa, lítil skuldsetning við þriðja aðila eða einfalt fyrirkomulag rekstrar. Félögum er síðan að sjálfsgöðu í sjálfsvalds sett hvort þau eru endurskoðuð eða ekki.

Stjórnsýsluskattur.

Kostnaður við endurskoðun lítils félags sem fer yfir núverandi mörk getur verið töluverður og það kemur fyrir að eina ástæða þess að endurskoðun er framkvæmd sé að uppfylla kröfur stjórnsýslunnar með tilheyrandi kostnaði. Má í raun segja að um sé að ræða stjórnsýsluskatt fyrir töluverðan fjölda smærri lögaðila sem falla undir þessi skilyrði eins og þau eru skv. núverandi fyrirkomulagi.

Betri nýting mannauðs.

Annað sem má nefna í þessu samhengi er að lítil fjölgun hefur orðið í stétt endurskoðenda þrátt fyrir sífellt auknar kröfur og flækjustig í kringum reikningsskil, uppgjör og endurskoðun félaga. Mikið er kvartað undan óbærilegu vinnuálagi innan stéttarinnar og nýliðun gengur treglega. Í því samhengi fagnar undirritaður þessu tímabæra frumvarpi því þarna opnast á þann möguleika á að hægt verði að nota þann mannauð sem er í dag upptekinn í óumbeðinni og stundum óvirðisaukandi vinnu við endurskoðun sem enginn biður um eða hefur hag af, í það að gera reikningskil og skattskil félaga enn vandaðri.

Undirritaður telur að hækkun fjárhæðarmarka komi ekki til með að minnka trúverðugleika reikningsskila þeirra félaga sem fara yfir núverandi mörk. Þvert á móti er hægt að nota mannauð, tæki og tól til að endurskoða hjá þeim aðilum sem raunverulega þurfa eða vilja fá endurskoðun á sín reikningsskil.

Garðabæ 17. febrúar 2026



Endurskoðun og ráðgjöf ehf
Eymundur Sveinn Einarsson
Löggiltur endurskoðandi